



Tillaga miðstjórnar að ályktun um góð störf, réttindi og öryggi launafólks á breyttum vinnumarkaði

Fertugasta og sjöunda þing Alþýðusambands Íslands (ASÍ) krefst þess að þær breytingar sem nú ganga yfir vinnumarkað og samfélag verði nýttar í þágu almennings. Þingið ályktar að ekki verði liðið að tækniþróun og græn umskipti verði notuð sem tæki til að auka enn samþjöppun auðs og ójöfnuð á kostnað kjara og réttinda launafólks.

Alþýðusamband Íslands hafnar þeirri framtíðarsýn að tækni á borð við gervigreind og sjálfvirkni skili enn meiri auði til fjármagnsafla og stórfyrirtækja en vinnandi fólk verði skilið eftir með lakari kjör og aukið vinnuálag. Þvert á móti verður ávinningur nýrrar tækni og aukinnar framleiðni að skila sér í bættum lífskjörum, styttri vinnuviku, sterkari almannaþjónustu og auknum lífsgæðum almennings.

Þingið krefst þess að ný störf sem verða til vegna tæknibreytinga, orkuskipta og loftslagsaðgerða verði örugg og byggð á kjarasamningum og fullum réttindum launafólks. Ótækt er að sjálfvirknivæðing, stafræn þróun eða önnur umbreyting atvinnulífsins verði notuð til félagslegra undirboða, gerviverktöku, aukinnar útivistunar, uppbrots ráðningarsambanda eða annars konar atlögu að skipulögðum vinnumarkaði.

ASÍ hafnar jafnframt þeirri þróun að gervigreind og stafræn stjórnun sé notuð til aukins eftirlits með starfsfólki eða ákvarðana sem fólk fær hvorki skilið né skýringar fást á.

Vinnandi fólk verður að hafa raunveruleg áhrif á hvernig ný tækni, orkuskipti og breytingar á atvinnulífi móta störf, skipulag vinnunnar og vinnumarkað framtíðarinnar.

Réttlát umskipti verða ekki til af sjálfu sér. Þau krefjast skýrrar pólitískrar stefnu, sterkrar verkalýðshreyfingar og raunverulegs samráðs stjórnvalda, atvinnurekenda og launafólks. Þing ASÍ krefst þess að stjórnvöld móti skýra stefnu um framtíð vinnunnar í samráði við verkalýðshreyfinguna.

Aldrei verður samþykkt að almenningur axli byrðarnar en arður af breytingum renni til fárra.

Áherslur Alþýðusambands Íslands um góð störf, réttindi og öryggi launafólks á breyttum vinnumarkaði

Í gegnum allar meiriháttar samfélagslegar breytingar þarf að tryggja að samfélagið fái notið þess ágóða sem af breytingum hlýst og að þær styrki velferð og lífskjör almennings

Loftslagsaðgerðir, orkuskipti og tæknibreytingar byggja á félagslegu réttlæti þar sem kostnaði og ávinningi breytinganna er skipt með sanngjörnum hætti.

Tryggja þarf að öll störf séu góð og mannsæmandi

Ný störf sem verða til vegna yfirstandandi umbreytinga skulu vera mannsæmandi störf með góðum launum, sterkri vinnuvernd og fullum réttindum samkvæmt lögum og kjarasamningum. Umbreytingarnar mega ekki leiða til ótryggra ráðninga, gerviverktöku eða annarra breytinga sem veikja stöðu launafólks og grafa undan skipulögðum vinnumarkaði. Tryggja verður sjálfstæði launafólks gagnvart atvinnurekendum, fullan ráðstöfunarrétt yfir eigin launum og að ráðningarsambandið leiði ekki til aukins valds atvinnurekenda yfir lífi fólks innan sem utan vinnustaðarins.

Félagslegum undirboðum verður mætt af fullri hörku

Félagsleg undirboð eru bein atлага að afkomu, réttindum og starfsöryggi launafólks. Þau grafa undan kjarasamningum, veikja stöðu launafólks og rýra þá vernd sem skipulagður vinnumarkaður á að tryggja. ASÍ mun berjast af fullri hörku gegn félagslegum undirboðum og krefst þess að þeir sem hagnast á því að brjóta á launafólki sæti ábyrgð.

Stöndum vörð um bein ráðningarsambönd

Nýsköpun, tæknibreytingar eða sparnaðarkröfur mega ekki leiða til aukinnar útvistunar. Ríki og sveitarfélög skulu draga úr útvistun starfa og standa vörð um bein ráðningarsambönd. Tryggja skal að útvistun leiði ekki til skerðingar á réttindum launafólks eða grafi undan gildi kjarasamninga. Opinbert fé á að styðja við góð störf og virðingu fyrir réttindum launafólks.

Ávinningur tækniframfara skili sér til launafólks

Aukin framleiðni og verðmætasköpun vegna gervigreindar, sjálfvirknivæðingar og annarrar tækniþróunar á að skila sér til launafólks í formi betri kjara, styttri vinnutíma, bættra vinnuaðstæðna og aukinna lífsgæða.

Lýðræði á vinnumarkaði á umbreytingartímum

Launafólk og stéttarfélög eiga að hafa raunverulega aðkomu að innleiðingu nýrrar tækni og skipulagi vinnunnar. Breytingar sem hafa áhrif á störf, starfsskilyrði og vinnuumhverfi verða ekki gerðar án samráðs við starfsfólk og samtök þess.

Gervigreind undir skýru regluverki og samfélagslegri ábyrgð

Notkun gervigreindar og reiknistjórnunar á vinnumarkaði þarf að byggja á gagnsæi, ábyrgð og virðingu fyrir réttindum launafólks. ASÍ hafnar notkun tækninnar til óhóflegs eftirlits, aukins vinnuálags, skertrar friðhelgi og sjálfvirkrar ákvarðanatöku sem hefur áhrif á kjör, réttindi eða stöðu launafólks án skýrrar ábyrgðar atvinnurekenda. Stjórnvöld setji viðeigandi reglur og tryggi að opinberir eftirlitsaðilar séu í stakk búnir til að bregðast við breyttum aðstæðum á sviði persónu- og vinnuverndar.

Fjölbreytt atvinnulíf og byggðafesta um allt land

Græn og stafræn umbreyting styðji við fjölbreytt atvinnulíf og sterka byggðafestu um allt land.

Stefnumótun stjórnvalda þarf að taka mið af stöðu atvinnugreina, svæða og hópa launafólks og tryggja að ný tækifæri verði ekki bundin við fáar greinar eða landsvæði.

Þríhliða samtal um réttlát umskipti

Byggja þarf upp virkt og raunverulegt þríhliða samstarf þar sem réttlát umskipti eru tryggð í gegnum félagslegt öryggisnet og öfluga stefnumótun í atvinnumálum, loftslagsmálum og hagnýtingu gervigreindar sem tekur mið af heildarhagsmunum samfélags, atvinnulífs og vinnandi fólks.

Greinargerð

Inngangur

Íslenskt samfélag stendur frammi fyrir breytingum sem munu móta atvinnulíf, vinnumarkað og lífskjör til framtíðar. Annars vegar knýja loftslagsbreytingar, orkuskipti og auknar kröfur um sjálfbærni á um grundvallarbreytingar á framleiðslu, samgöngum og nýtingu auðlinda og hins vegar eru örar tækniframfarir, sjálfvirknivæðing og þróun gervigreindar að breyta skipulagi vinnunnar, innihaldi starfa og starfsskilyrðum fólks á vinnumarkaði. Þessi þróun sem kölluð hefur verið *tvíþætt umskipti* felur bæði í sér mikil tækifæri en á sama tíma áhættu og óvissu.

Niðurstöður rannsóknar Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins á viðhorfum launafólks gagnvart áhrifum loftslags- og tæknibreytinga benda til þess að þeirra sé þegar tekið að gæta á íslenskum vinnumarkaði og leggist með ólíkum hætti á hópa og atvinnugreinar. Tæplega fjórðungur svarenda telur að starf sitt hafi þegar breyst eða muni breytast á næstu árum vegna nýrrar tækni eða breytinga tengdra loftslagsmálum. Þá hefur þriðjungur þeirra sem eru í störfum sem hafa tekið breytingum eða eru líkleg til að taka breytingum áhyggjur af starfsöryggi sínu. Áhyggjurnar eru meiri meðal innflytjenda og tekjulægri hópa en innfæddra og tekjuhærri hópa.

Umbreytingar geta haft jákvæð áhrif og m.a. stuðlað að aukinni framleiðni, nýjum atvinnugreinum, bættri nýtingu auðlinda og sterkari efnahagslegum grunni samfélagsins en ráðist þær af skammtímahagsmunum eða markaðsöflum einum saman geta breytingarnar aukið ójöfnuð, skapað atvinnu- og afkomuóöryggi og grafið undan réttindum launafólks. Reynsla margra landa bendir til þess að hraðar tæknibreytingar hafi víða leitt til veikari ráðningarsambanda, aukið verktakavæðingu og tilfærslu á áhættu frá fyrirtækjum yfir á launafólk. Í mörgum tilfellum hefur þróunin fært atvinnuöryggi og kjör aftur um áratugi og aukið ójöfnuð og aðstöðumun. Til lengri tíma getur slík þróun grafið undan samfélagslegri sátt og félagslegu réttlæti.

Við slíkar aðstæður skipta skipulögð verkalýðshreyfing, þekja kjarasamninga og samstaða launafólks lykilmáli. Forsendur farsælla og réttláttra umskipta eru víðtækir kjarasamningar og þríhliða samstarf á vinnumarkaði þar sem sameiginleg ábyrgð er tekin á stefnumótun, framkvæmd og áhrifum breytinganna. Reynslan sýnir að samfélög sem byggja á virku félagslegu samtali við aðila vinnumarkaðarins, sterkum stéttarfélögum og víðtækri þátttöku launafólks standa betur að vígi gagnvart efnahagslegum og samfélagslegum umbreytingum. Réttlát umskipti verða ekki tryggð nema launafólk og samtök þess hafi raunverulega aðkomu að ákvörðunum sem hafa áhrif á störf, starfsskilyrði og framtíð vinnumarkaðar.

Verkalýðshreyfingin hefur í gegnum tíðina gegnt lykilhlutverki í að tryggja að samfélagslegar framfarir skili sér í bættum kjörum, auknu öryggi og sterkari réttindum almennings. Með sama hætti hefur hreyfingin nú mikilvægu hlutverki að gegna við að tryggja hagsmuni launafólks á tímum loftslags- og tæknibreytinga. Alþýðusamband Íslands hefur lagt ríka áherslu á að réttlát umskipti verði leiðarljós í allri stefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs. Markmið breytinganna á að vera að skapa góð, mannsæmandi og græn störf, efla félagslegt öryggi, draga úr ójöfnuði og styrkja samfélagið í heild.

Forsenda farsælla umskipta er jafnframt að stjórnvöld sýni framsýni og móti heildstæða atvinnu- og menntastefnu og byggja upp félagslegt öryggisnet og afkomutryggingar sem taka mið af áhrifum breytinganna á fólk, byggðir og atvinnugreinar. Þannig má tryggja að ávinningur breytinganna skila sér til samfélagsins alls í formi betri lífskjara, öflugri velferðar og aukinna tækifæra fyrir fólk um allt land.

Tvíþætt umskipti

Samfélagið stendur frammi fyrir tvíþættum umbreytingum annars vegar vegna tæknipróunar, þar á meðal aukinnar sjálfvirknivæðingar og þróunar gervigreindar og hins vegar vegna loftslagsbreytinga og nauðsynlegra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Saman er þetta oft nefnt tvíþætt umskipti (e. twin transition).

Annars vegar kalla loftslagsbreytingar og orkuskipti á breytingar á framleiðslu, samgöngum, orkunotkun og nýtingu auðlinda. Loftslagsbreytingar eru ekki eingöngu umhverfisáskorun heldur eitt stærsta efnahags-, atvinnu- og lífskjaramál samtímans. Á sama tíma breyta tækniframfarir, sjálfvirknivæðing og gervigreind innihaldi starfa, skipulagi vinnu, kröfum um færni og dreifingu verðmæta í hagkerfinu. Samsetning starfa breytist þar sem sum störf hverfa og önnur verða til auk þess sem mörg þeirra starfa sem eru nú þegar til munu þróast og breytast mikið á komandi árum.

Í samhengi tvíþættra umskipta er mikilvægt að halda því til skila að stafræna umbreytingin er bæði forsenda og drifkraftur grænna umskipta. Tækniframfarir hafa m.a. gert það mögulegt að hámarka orkunýtingu, stýra raforkukerfum með sveigjanlegum hætti, greina kolefnisspor framleiðslu og neyslu og þróa ný viðskiptamódel sem byggja á hringrásarhagkerfi. Gervigreind og gagnavinnsla geta þannig hraðað orkuskiptum, bætt skipulag samgangna og stuðlað að skilvirkari nýtingu auðlinda. Á sama tíma krefjast þessi kerfi gríðarlegrar orku og uppbyggingar gagnavera og stafrænna innviða, sem hafa umtalsvert umhverfisspor. Tækniframfarir eru því ekki sjálfkrafa umhverfisvænar heldur ráðast áhrif þeirra af því hvernig þeim er beitt og í hvaða tilgangi¹.

Saman hafa þessar umbreytingar víðtæk áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samfélag og geta ef rétt er á haldið stutt við hvor aðra til að leysa loftslagsvandann og bæta lífskjör.

Réttlát umskipti

Réttlát umskipti fela í sér að samfélagslegar og efnahagslegar umbreytingar fari fram með þeim hætti að kostnaður og ábati vegna þeirra dreifist með réttlátum hætti. Réttlát umskipti eru forsenda þess að áhrif samfélagslegra breytinga leiði til bættrar afkomu og sterkra vinnumarkaðstengdra réttinda. Í því felst viðurkenning á að loftslagsaðgerðir og tæknibreytingar geti haft neikvæð áhrif á störf, byggðir og afkomu fólks, og að samfélagið beri sameiginlega ábyrgð á að mæta þeim áhrifum.

Hugtakið „réttlát umskipti“ (e. *just transition*) á rætur sínar í baráttu bandarísku verkalyðshreyfingarinnar á níunda áratug síðustu aldar fyrir stuðningi við verkafólk sem stóð frammi fyrir atvinnumissi vegna nýrrar og strangari umhverfislöggjafar. Verkalýðshreyfingin lagði áherslu á að samfélagið bæri sameiginlega ábyrgð á afleiðingum breytinganna og að gripið yrði til aðgerða til að styðja þau sem yrðu fyrir neikvæðum áhrifum þeirra.


Í réttlátum umskiptum felst að launafólk hafi raunverulega aðkomu að ákvörðunum sem varða framtíð starfa og vinnumarkaðar. Þar skiptir máli að tryggja góð störf sem á grundvelli kjarasamninga tryggja sterk réttindi, atvinnu- og afkomuöryggi og aðgengi oðgengi að menntun sem gefur tækifæri til að takast á við ný og breytt störf. Til að tryggja samfélagslega sátt og árangur þurfa þessar áherslur að mótast í þríhliða samtali aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda og endurspeglast í stefnumörkun þeirra og aðgerðum.

¹ <https://www.etui.org/sites/default/files/2023-01/Interlinkages%20between%20the%20just%20ecological%20transition%20and%20the%20digital%20transformation-2023.pdf>

Áhrif umbreytinga á vinnumarkað og störf

Umræða um áhrif tæknibreytinga á vinnumarkað hefur breyst hratt á örfáum árum. Skýrsla stjórnvalda um fjórðu iðnbyltinguna, sem kom út árið 2019 og byggði meðal annars á gögnum frá 2017, er gott dæmi um þá sýn sem þá var ríkjandi. Þar var fjallað um fjórðu iðnbyltinguna sem víðtæka tæknilega og samfélagslega umbreytingu, en mat á áhrifum á vinnumarkað byggði fyrst og fremst á líkum á sjálfvirknivæðingu starfa. Í þeirri greiningu var einkum horft til starfa þar sem endurtekin, stöðluð og fyrirsjáanleg verkefni vógu þungt. Mest áhrif voru talin líkleg í störfum iðnaðarmanna, þjónustu- og sölufólks, véla- og vélgæslufólks, bænda, fiskimanna og fólks í ósérhæfðum störfum. Sérfræðistörf, stjórnendastörf og störf tækna og sérmenntaðs starfsfólks voru síður talin útsett enda var þá almennt litið svo á að fjölbreyttari störf, flóknari ferlar og verkefni sem krefðust mats, samskipta og sérhæfðrar þekkingar væru síður líkleg til beinnar sjálfvirknivæðingar².

Þetta mat hefur í nýrri greiningum tekið nokkrum breytingum. Alþjóðavinnumálastofnunin heldur úti gagnvirku korti þar sem sjá má almenna þróun gervigreindar á starfaflokka en spáin byggir á heildarmati áhrifa gervigreindar á störf. Þar kemur fram að í efnaðri ríkjum geti um eitt af hverjum þremur störfum orðið fyrir einhverjum áhrifum gervigreindar, en um eitt af hverjum fjórum störfum á heimsvísu. Mest áhrif eru nú talin verða á skrifstofu- og bókhaldsstörf, en einnig á ýmis sérfræðistörf. Störf sem byggja í ríkari mæli á mannlegum samskiptum og færni, umönnun, aðhlyningu og sköpunargáfu eru almennt talin minna útsett fyrir breytingum.



Þetta felur í sér nær algjöran viðsnúning frá eldri spám um áhrif tæknibreytinga. Áður var helst horft til þess að sjálfvirknivæðing myndi hafa mest áhrif á störf þar sem endurtekin og stöðluð verkefni eru stór hluti vinnunnar. Nú beinist athyglin í auknum mæli að störfum skrifstofufólks, sérfræðinga, stjórnenda og sérmenntaðs starfsfólks. Ástæðan er sú að gervigreind getur ekki aðeins leyst af hólmi endurtekin verkefni, heldur einnig stutt við eða tekið yfir verkefni sem tengjast upplýsinga- og gagnavinnslu, mati, greiningu og samskiptum.

Horfa þarf á áhrif tæknibreytinga á vinnumarkað frá fleiri hliðum en áður var gert. Annars vegar þarf að skoða hvernig gervigreind og sjálfvirknivæðing geta breytt verkefnum, færst störf til eða

² <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/ForsAetisraduneytid/Framtidarnefnd/Fjorda-idnbyltingin-skyrsla.pdf>

dregið úr spurn eftir tiltekinni færni. Hins vegar þarf að skoða hvernig tæknin er notuð inni á vinnustöðum til að stýra vinnu, mæla afköst, hafa eftirlit með starfsfólki og styðja við ákvarðanatöku. Í tilfelli sjálfvirknivæðingar og gervigreindar varðar áskorunin fyrst og fremst breytingar á störfum, atvinnu og færniþörf. Í því síðara snýst hún um gæði starfa, sjálfræði, persónuvernd, vinnuálag, valdajafnvægi á vinnustöðum og skiptingu ábata.

Í báðum tilvikum er ljóst að áhrifin ráðast af því hvernig tæknin er innleidd, hver hefur aðkomu að ákvörðunum, hvaða leikreglur gilda og hvort ávinningurinn skilar sér til launafólks. Þess vegna þarf að nálgast tækibreytingar og notkun gervigreindar á vinnumarkaði sem réttinda- og líf skjaramál, ekki aðeins sem framleiðni- eða nýsköpunarmál.

Hér að neðan er því fjallað annars vegar um áhrif gervigreindar og sjálfvirknivæðingar á verkefni, störf og afkomuöryggi, og hins vegar um áhrif gervigreindarstjórnunar og reiknistjórnunar á innihald starfa, vinnuaðstæður og stöðu launafólks á vinnustöðum.

Góð, mannsæmandi og græn störf

Í umræðu um ný og breytt störf og tækifæri sem umbreytingarnar skapa til aukinnar framleiðni þarf ekki aðeins að horfa til fjölda starfa, heldur einnig til gæða þeirra. Þar skiptir máli hvort störf tryggja mannsæmandi laun, réttindi, góðar vinnuaðstæður, félagslega vernd og starfsþróun. Til að svo sé þurfa góð störf, mannsæmandi störf og græn störf að vera hluti af sömu heild.

Skilgreiningar á góðum og mannsæmandi störfum

Hugtakið „mannsæmandi störf“ byggir á nálgun Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um félagslegt öryggi og réttindi. Samkvæmt Alþjóðavinnuálagstofnuninni (ILO) byggjast mannsæmandi störf á fjórum meginstöðum. Sú fyrsta er að fólk hafi aðgang að atvinnu og störfum sem tryggja mannsæmandi afkomu og skapa efnahagslegt og félagslegt öryggi. Í öðru lagi er lögð áhersla á réttindi og öryggi á vinnustað, þar á meðal vernd gegn mismunun, ósanngjörnum starfskjörum og óöruggum vinnuaðstæðum. Í þriðja lagi felur hugtakið í sér félagslega vernd, svo sem aðgang að félagslegu öryggisneti, heilbrigðis- og öryggisvernd og réttindum tengdum veikindum, atvinnuleysi og starfslokum. Þá er lögð áhersla á mikilvægi þríhliða samráðs, þátttöku og áhrifa starfsfólks, meðal annars í gegnum stéttarfélög og kjarasamninga, þannig að starfsfólk geti haft raunveruleg áhrif á eigin starfsaðstæður og þróun vinnumarkaðarins.

ETUI (European Trade Union Institute) leggur áherslu á að góð störf einkennist meðal annars af góðum kjörum og afkomuöryggi, ráðningarfestu, skilgreindum vinnutíma, jafnvægi vinnu og einkalífs, góðum líkamlegum og andlegum vinnuaðstæðum, sjálfræði í starfi, aðgengi að þjálfun og starfsþróun og möguleikum launafólks til sameiginlegrar hagsmunagæslu. Góð störf eru því störf sem tryggja ekki aðeins atvinnu, heldur einnig mannsæmandi líf skjör, öryggi, þróunarmöguleika og raunveruleg áhrif á eigin starfsaðstæður.

Skilgreining á grænum störf

Græn störf eru almennt skilgreind sem störf sem stuðla að minni mengun, betri nýtingu orku og hráefna, minni losun gróðurhúsalofttegunda, endurheimt umhverfisgæða og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Slík störf geta orðið til í nýjum og vaxandi greinum, en einnig með breytingum innan hefðbundinna atvinnugreina. Græn umbreyting felur því ekki aðeins í sér að tiltekin störf hverfi og önnur verði til, heldur einnig að mörg störf breytist, ný hæfni verði mikilvægari og kröfur til framleiðslu, rekstrar og þjónustu þróaðar.

Í umræðu um græn störf hefur einnig verið gerður greinarmunur á grænum, brúnum og hvítum störfum. Græn störf stuðla að minni losun eða sjálfbærari nýtingu auðlinda, brún störf tengjast

starfsemi sem hefur neikvæð umhverfisáhrif eða mikla losun, en hvít störf eru störf sem hafa hlutlaus eða blönduð áhrif í þessu samhengi. Slík flokkun er ekki algild og er enn í þróun, en getur nýst til að greina hvaða störf, atvinnugreinar og svæði eru líkleg til að verða fyrir mestum áhrifum grænna umskipta.

Flest bendir til þess að grænum störfum muni fjölga samhliða grænni umbreytingu, á meðan störf í mengandi eða ósjálfbærri starfsemi muni breytast, dragast saman eða hverfa. Meginþorri starfa fellur þó ekki skýrt í annan hvorn flokkinn, heldur mun taka breytingum eftir því hvernig kröfur um losun, orkunýtingu, hráefnanotkun og sjálfbærni þróast. Því skiptir máli að horfa ekki aðeins til fjölda nýrra grænna starfa, heldur einnig til þess hvernig núverandi störf breytast og hvaða stuðning launafólk þarf til að mæta þeim breytingum.

Það að starf teljist grænt tryggir þó ekki að það sé gott eða mannsæmandi. Græn atvinnuuppbygging þarf að byggja á sömu kröfum og önnur atvinnuuppbygging um mannsæmandi laun, öruggt ráðningarsamband, vinnuvernd, fyrirsjáanlegan vinnutíma, félagslega vernd, jafnrétti, starfsþróun og aðkomu launafólks. Réttlát umskipti fela því í sér að græn störf séu ekki aðeins metin út frá áhrifum þeirra á losun eða umhverfi, heldur einnig út frá gæðum starfa, réttindum og lífskjörum launafólks.

Sjálfstæði starfsfólks gagnvart atvinnurekenda

Húsnæði, samgöngur og önnur þjónusta sem tengist daglegu lífi fólks eru í sumum tilvikum orðin nátengd vinnusambandinu. Slík þróun getur gert launafólk háðara atvinnurekanda og veikt samningsstöðu þess gagnvart atvinnurekenda

Sérstakar áhyggjur vekur þegar atvinnurekendur telja sig hafa heimild til að draga ýmiss konar kostnað beint af launum starfsfólks, svo sem vegna húsaleigu, samgangna, búnaðar eða annarrar þjónustu. Í sumum tilvikum virðist skorta alfarið samninga eða upplýst samþykki starfsfólks fyrir slíkum frádrætti en í öðrum tilvikum hefur starfsfólk undirritað ósamngjarna samninga þar sem það var ekki annarra kosta völ.

Laun eru eign launafólks og atvinnurekendur eiga ekki að hafa einhliða heimild til að ráðstafa þeim eða draga af þeim kostnað. Þegar sami aðili er bæði atvinnurekandi, leigusali, þjónustuaðili og innheimtuaðili skapast hætta á óeðlilegu valdaójafnvægi. Missi einstaklingur starf sitt getur hann á sama tíma misst húsnæði sitt, samgöngumöguleika eða aðra þjónustu sem tengist vinnusambandinu. Slíkt getur dregið úr möguleikum fólks til að leita réttar síns, skipta um starf eða gera athugasemdir við starfskjör sín.

Útvistun og breytingar á skipulagi vinnunnar

Í samhengi þeirra umbreytinga sem nú eiga sér stað er því mikilvægt að horfa ekki aðeins til þess hvaða ný störf verða til heldur einnig hvernig skipulag vinnunnar þróast samhliða þeim breytingum.

Útvistun felur í sér að fyrirtæki eða stofnanir fela utanaðkomandi aðilum verkefni eða þjónustu sem áður var sinnt innan eigin starfsemi. Hún getur náð til afmarkaðrar sérfræðiþjónustu en einnig til verkefna sem eru reglubundinn hluti daglegrar starfsemi.

Samhliða tæknibreytingum og öðrum umbreytingum í atvinnulífi hefur útvistun verkefna og þjónustu aukist víða á vinnumarkaði, bæði hér á landi og erlendis. Þróunin er meðal annars drifin áfram af aukinni sérhæfingu fyrirtækja, alþjóðavæðingu, tækniframförum og auknum kröfum um hagkvæmni og sveigjanleika í rekstri. Með tilkomu nýrrar tækni hefur jafnframt orðið auðveldara að skipta starfsemi niður í afmarkaða verkþætti og fela utanaðkomandi aðilum framkvæmd verkefna sem áður voru unnin innan fyrirtækja eða stofnana.

Reynslan sýnir að ávinningur útvistunar byggist ekki alltaf á aukinni framleiðni eða nýsköpun heldur oft á lægri launakostnaði og tilfærslu áhættu frá atvinnurekendum yfir á launafólk. Þetta hefur meðal annars sést í mannaflafrekum þjónustugreinum á borð við ræstingar- og sendingaþjónustu þar sem samkeppni hefur í mörgum tilvikum byggist að verulegu leyti á launakostnaði. Þegar verkefni færast til verktaka, undirverktaka eða annarra þjónustuaðila geta orðið til flóknari verktakakeðjur og óskýrari ábyrgð á kjörum, vinnuaðstæðum og réttindum starfsfólks.

Þetta á ekki síst við þegar opinber verkefni og þjónusta eru boðin út. Þótt lög um opinber innkaup geri ráð fyrir að horft sé til gæða, samfélagslegrar ábyrgðar, sjálfbærni og annarra þátta en verðs, virðist lægsta boð í reynd oftast hafa úrslitaáhrif við val á samningsaðilum.

Slík þróun getur aukið hættu á félagslegum undirboðum, þrýst niður kjörum og fært ábyrgð og áhættu frá atvinnurekendum yfir á launafólk.

Áhrif tækibreytinga og gervigreindar á störf, atvinnu- og afkomuöryggi launafólks

Sjálfvirknivæðing verkefna/starfa (AI)

Sjálfvirknivæðing starfa felur í sér að verkefni sem áður voru unnin af fólki eru unnin að stórum hluta, eða eingöngu með hjálp tækninnar, svo sem vélum, hugbúnaði og gervigreind. Sjálfvirknivæðing getur bæði náð til líkamlegra verkefna í framleiðslu og flutningi eða hugrænna verkefna, svo sem gagnavinnslu, þjónustu og greininga. Sjálfvirknivæðing hefur á síðustu áratugum þegar haft veruleg áhrif í framleiðslugreinum, t.d. fiskvinnslu og birst í fækkun starfa. Þróun gervigreindar færir sjálfvirknivæðingu á nýjar slóðir þar sem sérhæfð störf eru nú framkvæmd með sem minnstri mannlegri þátttöku.

Í sögulegu samhengi hafa tækibreytingar oft leitt til þess að störf eða verkefni hverfa, á sama tíma og ný störf verða til. Vélar í textílframleiðslu og verksmiðjum tóku yfir stóran hluta handavinnu á 18. og 19. öld. Sambærileg þróun hefur átt sér stað í fiskvinnslu hér á landi, þar sem störf sem áður byggðu á handvirkri flokkun, skurði, pökkun og annarri vinnslu breyttust með tilkomu flökunarvéla, flokkunarkerfa, færibanda, pökkunarvéla og tölvustýrðra gæðakerfa. Afleiðingin var ekki aðeins fækkun hefðbundinna verkamannastarfa heldur einnig tilkoma nýrra starfa við vélstjórnun, viðhald, tækninotkun, hugbúnað og gagnagreiningu.

Áhrif gervigreindar verða í grunninn sambærileg en munu birtast innan sérhæfðari starfa og í nýjum atvinnugreinum. Þannig getur gervigreind bæði orðið til þess að fækka störfum en einnig styðja við starfsfólk í verkefnum, taka yfir afmörkuð verkefni og breyta innihaldi starfa frekar en að útrýma þeim. Þetta er ekki algilt og áhrifin ólík eftir eðli starfa. Áfram munu einhver störf sjálfvirknivæðast og hverfa að fullu, sér í lagi störf sem byggja á endurtekningu og litlum mannlegum samskiptum.

Til skemmri tíma er ljóst að tilteknir hópar og atvinnugreinar geta orðið fyrir neikvæðum áhrifum, m.a. nýliðar á á vinnumarkaði. Þetta er þróun sem verkalýðshreyfing og stjórnvöld þurfa að taka alvarlega. Forstjóri gervigreindarfyrirtækisins Anthropic gaf út viðvörun um mitt árið 2025 um möguleg áhrif gervigreindar á störf og framboð þeirra. Hann taldi hættu á að nýjar tæknilausnir gætu fækkað nýjum skrifstofu- og sérfræðistörfum um 10-20% á heimsvísu, á næstu fimm árum. Áhrifin yrðu neikvæðust á þá sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði fremur en þá eldri.

Gervigreindarstjórnun - Reiknistjórnun (Algorithmic Management)

Reiknistjórnun felst í notkun gagnadrifinna reikniritakerfa sem gefa starfsfólki leiðbeiningar,

stjórna vinnuferlum, þar með talið úthlutun verkefna, framkvæma frammistöðumat, setja saman vaktaplön eða taka aðrar ákvarðanir sem hafa bein áhrif á starfaðstæður, tækifæri og vinnu og kjör starfsfólks.

Reiknistjórnun er ólík sjálfvirknivæðingu. Sjálfvirknivæðing snýst fyrst og fremst um að tæknin taki yfir eða styðji við tiltekin verkefni og störf. Reiknistjórnun felur í sér að tæknin er notuð til að stjórna vinnu og verkefnum. Starfsfólk sinnir áfram sömu grunnverkefnum, en undir öðru skipulagi, með meira eftirliti, kröfu um meiri vinnuhraða, undir meira álagi, við minni fyrirsjáanleika og minna svigrúmi til faglegs mats og sjálfræðis.

Í einföldustu mynd getur reiknistjórnun falist í sjálfvirku vaktaplani eða kerfi sem spáir fyrir um álag og mannaflapörf. Í þróaðri mynd getur hún orðið að umfangsmiklu stjórnþæki þar sem gögn um hegðun, afköst, viðveru, samskipti eða frammistöðu starfsfólks eru notuð til að móta daglegt vinnuumhverfi þess. Þá getur gervigreind orðið eins konar þriðji aðili í vinnusambandinu, á milli launafólks og atvinnurekanda, þar sem ákvarðanir sem áður voru teknar af stjórnendum eru að hluta færðar yfir í tæknikerfi. Í því getur m.a. falist að gervigreind er notuð til að veita starfsfólki upplýsingar eða veita leiðsögn í verkefnum, sinna mati á frammistöðu starfsmanna og ákvarða umbun eða viðurlög, svo dæmi séu nefnd.

Nýleg rannsókn á vegum OECD sýnir að reiknistjórnun er nú þegar útbreidd innan Evrópu og eru um 79% fyrirtækja sem segjast notast við hana að einhverju leyti í vinnuumhverfi fólks. Notkunareiginleikar voru greindir í þrjá megin þætti: leiðbeiningar, eftirlit og matsverkfæri.

Áhrif á réttindi launafólks

Áhrif sjálfvirknivæðingar og reiknistjórnunar geta verið jákvæð á vinnu ef tæknin er innleidd með skýrum markmiðum, gagnsæi og aðkomu starfsfólks. Hún getur stuðlað að betra skipulagi, skýrari verkferlum, aukinni yfirsýn og jafnari meðferð í ákveðnum tilvikum. Hvort áhrifin verði jákvæð ræðst af því hvort og hvernig aðkomu launafólks ávið innleiðingu breytinga er háttáð, m.a. hvort starfsfólk hafi upplýsingar um notkun tækninnar og hvort ábyrgð sé skýr.

Reiknistjórnun getur leitt til aukins vinnuálags, dregið úr sjálfræði starfsfólks, aukið eftirlit og vöktun, gert mörk vinnu og einkalífs óljósari og grafið undan rétti fólks til hvíldar. Ef frammistaða er stöðugt mæld og metin með ógegnsæjum hætti getur það skapað þrýsting á að fólk vinni hraðar, taka færri hlé, nýti síður veikindarétt eða sé stöðugt tiltækt. Alþjóðavinnumálastofnunin hefur lýst yfir miklum áhyggjum af slíkri þróun og telur slíka notkun hafa stórfelld áhrif á gæði starfa og heilsufar starfsfólks.

Þá er ekki hægt að útiloka að aukin sjálfvirknivæðing og notkun gervigreindar geti haft áhrif á launaákvarðanir og afkomu launafólks.

Tæknibreytingar og stafræn umbreyting atvinnulífsins geta haft ófyrirséð áhrif á vinnumarkað m.a. með auknu vægi ótryggra vinnusambanda, svo sem í gegnum starfsmannaleigur, tímabundna verkefnavinnu og störf innan svokallaðs gigg-hagkerfis. Aukin útvistun, kröfur um meiri sveigjanleika í rekstri, flóknari verktakakeðjur, vaxandi notkun stafrænna vinnuvettvanga og notkun gervigreindar við skipulag og stjórnun vinnu geta því dregið úr afkomu- og atvinnuöryggi tiltekinna hópa. Í mörgum tilvikum byggir þetta uppbrót á því að ábyrgð og áhætta færast frá atvinnurekendum yfir á launafólk og einstaklinga og getur grafið undan hefðbundnum ráðningarsamböndum, réttindum launafólks og heilbrigðri samkeppni fyrirtækja.

Mikil stéttarfélagsaðild og víðtæk þekja kjarasamninga gerir launafólki á Íslandi kleift að bregðast við umskiptum og lágmarka áhættu á að þau leiði til félagslegra undirboða eða grafi undan réttindum. En með aukinni notkun gervigreindar og reiknistjórnunar vakna ný álítaefni


um hvernig tryggja megi að tæknin grafi ekki undan réttindum sem þegar hafa áunnist.

Ísland hefur ekki farið varhluta af þróuninni. Í vaxandi mæli koma dæmi um gerviverktöku á borð stéttarfélaganna þar sem ráðningarsamband er látið líta út sem verktakasamningur þrátt fyrir að viðkomandi sé launamaður. Slík þróun hefur verið sérstaklega áberandi innan gígg-hagkerfisins þar sem störfum er skipt niður í afmörkuð verkefni sem úthlutað er í gegnum stafræna vettvanga. Með notkun gervigreindar og reiknistjórnunar geta kerfi séð um verkefnastýringu, frammistöðumat, tekjuákvæðanir og jafnvel ráðningar og starfslok. Þau sem starfa við slíkar aðstæður hafa oft litla yfirsýn eða áhrif á starfsskilyrði sín, tekjur eða starfsöryggi og standa gjarnan utan hefðbundinnar réttindaverndar vinnumarkaðarins.

Þróunin hefur sérstaklega komið hart niður á hópum sem fyrir standa veigar á vinnumarkaði, þar á meðal innflytjendum, ungu fólki og þeim sem hafa takmarkað aðgengi að upplýsingum, starfsþróun, símenntun eða félagslegri vernd. Ef tæknin er notuð til að auka sveigjanleika fyrirtækja án samsvarandi öryggis fyrir launafólk getur hún dýpkað tvískiptingu vinnumarkaðarins, aukið hættu á kjarabrotum og launaþjófnaði og grafið undan heilbrigðri samkeppni fyrirtækja.

Geta gervigreindar og nýting í atvinnulífinu


Geta gervigreindar hefur tekið stakkaskiptum á skömmum tíma. Verkefni sem áður kröfðust sérhæfðar þekkingar, reynslu og menntunar eru nú í auknum mæli unnin með stuðningi eða af tæknikerfum sem geta unnið úr miklu magni gagna, greint mynstur og tekið ákvarðanir. Á mynd 1 má sjá hvernig flækjustig verkefna sem gervigreind ræður við hefur aukist hratt á skömmum tíma. Það sem áður var bundið við einföld og endurtekin verkefni nær nú til flókinna verkefna sem snerta skipulag, greiningu og ákvörðunartöku og geta komið í stað tímafreakari verkefna starfsfólks. Talið er að gervigreind tvöfaldi getu sína á hverju sjö mánaða tímabili og enn sér ekki fyrir endann á þeirri þróun.



Mynd 1.³

Samkvæmt árlegri könnun McKinsey³ hefur notkun gervigreindar í fyrirtækjum nærri fjórfaldast frá árinu 2017, úr 20% í 78% árið 2025. Svokölluð skapandi gervigreind hefur þróast enn hraðar og farið úr 33% í 71% á aðeins einu og hálfu ári.

Spá gervigreindarfyrirtækisins Anthropic um mögulega notkun gervigreindar í störfum sýnir að innleiðing gervigreindar er enn ekki í samræmi við mögulega getu hennar. Þróun tækninnar hefur því verið hraðari en geta fólks og fyrirtækja til nýtingar og áhrifin á störf munu að líkindum aukast eftir því sem fyrirtæki, stjórnendur og starfsfólk öðlast meiri þekkingu á notkun hennar og innleiðing verður markvissari. Notkun og umfang gervigreindar er talsvert ólík milli fyrirtækja og atvinnugreina.



Ath.: Myndin er sett upp sem sjóræn nálgun út frá upprunalegu radarmyndinni, ekki nákvæm talnagögn.

Mynd 2 fengin úr skýrslu Almennaróms um gervigreind (2026). Uppruni heimildar er frá Anthropic.

OECD hefur bent á að þróun og lykिलinnviðir gervigreindar séu að verulegu leyti í höndum stórra tæknifyrirtækja og fáir komi að henni, bæði er varðar þróun en einnig umfang notkunar í rekstri. Árið 2025 notuðu um 52% stórfyrirtækja gervigreind en aðeins 17% lítila fyrirtækja.^[2] Notkunin er einnig mest í atvinnugreinum þar sem upplýsingavinnsla, fjarskipti, sérfræðipekking, vísindi og tæknileg starfsemi vega þungt, en hefur jafnframt aukist í framleiðslu, verslun og þjónustu.^[3]

Gögn Hagstofu Íslands⁴ benda til þess að notkun gervigreindar sé þegar útbreidd hér á landi. Um 48% fyrirtækja nota gervigreind með einhverjum hætti í starfsemi sinni, en mun færri nota tæknina í skilgreindum verkefnum og enn færri hafa mótað stefnu um notkun og innleiðingu gervigreindar. Notkunin er lengst komin í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi, upplýsingum og fjarskiptum, flutningum og geymslu, leigustarfsemi og ýmsri sérhæfðri þjónustu.

Þessar niðurstöður benda til þess að gervigreind sé þegar orðin hluti af íslensku atvinnulífi og

³https://www.mckinsey.com/~media/mckinsey/business%20functions/quantumblack/our%20insights/the%20state%20of%20ai/2025/the-state-of-ai-how-organizations-are-rewiring-to-capture-value_final.pdf?param1=competitive-matrix&utm_source=chatgpt.com

⁴ https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vísindi-og-tækni/upplýsingataekninotkun-fyrirtækja-2024/?utm_source=chatgpt.com

að notkun hennar sé sambærileg við það sem þekktist í Evrópu en að innleiðingin sé mislangt komin eftir atvinnugreinum. Oft fari hún fram áður en skýr stefna hefur verið mótuð innan fyrirtækja. o

Íslenskur vinnumarkaður í ljósi tvíþættra umskipta

Áhrif loftslags- og tæknibreytinga ráðast af aðstæðum í hverju landi, uppbyggingu hagkerfisins, samsetningu atvinnulífs, stöðu innviða og skipulagi vinnumarkaðar. Réttlát umskipti verða því að taka mið af íslenskum aðstæðum og þeim hópum, svæðum og atvinnugreinum sem kunna að verða sérstaklega fyrir áhrifum breytinganna.

Tvíþætt umskipti snerta því ekki eingöngu einstakar atvinnugreinar heldur sjálfar forsendur verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og vaxtar í íslensku hagkerfi. Réttlát tvíþætt umskipti snúast ekki eingöngu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda heldur einnig um að tryggja að umbreyting atvinnulífs og samfélags stuðli að sjálfbærri verðmætasköpun, stöðugum hagvexti og góðum lífskjörum. Verkefnið felst bæði í að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum atvinnustarfsemi og að byggja upp nýjar forsendur atvinnu og verðmætasköpunar með sjálfbærri nýtingu auðlinda, nýrri tækni, nýsköpun og hreinni orku.

Ísland er lítið, opið og útflutningsdrifið hagkerfi þar sem stór hluti verðmætasköpunar byggir á náttúruauðlindum, endurnýjanlegri orku, sjávarútvegi, ferðaþjónustu og orkufrekum iðnaði. Þessar greinar hafa mikla þýðingu fyrir útflutningstekjur, atvinnu og byggðafestu. Á sama tíma hefur vægi hugverka, stafrænnar þjónustu, sérhæfðrar þekkingarstarfsemi og annarra nýrri greina aukist. Tvíþætt umskipti munu því hafa áhrif bæði á hefðbundnar undirstöðugreinar og á nýjar og vaxandi greinar í íslensku atvinnulífi.

Sérstaða Íslands felur í sér fjölmörg tækifæri. Aðgengi að endurnýjanlegri orku, sterk staða í nýtingu náttúruauðlinda, góðir stafrænir innviðir og þekking á orkutengdri starfsemi geta stutt við uppbyggingu fjölbreyttara atvinnulífs. Þar má nefna greinar sem tengjast grænni iðnaðaruppbyggingu, gagnavinnslu, hugverkum, líftækni, matvælaframleiðslu, fiskeldi, kolefnisföngun og annarri tækni- og þekkingardrífinni starfsemi. Slík uppbygging getur styrkt stoðir hagkerfisins, en áhrif hennar á vinnumarkað ráðast af því hvort til verða varanleg og góð störf, hvernig þau dreifast milli svæða og hvaða hópar hafa aðgang að þeim.

Aftur á móti getur smæð íslenska hagkerfisins, fábreytni atvinnulífs á sumum svæðum, hversu háðar sumar atvinnugreinar eru alþjóðlegum mörkuðum og mikilvægi fárra útflutningsgreina aukið áhrif ytri áfalla og hraðra breytinga. Loftslagsbreytingar, orkuskipti, breyttar sjálfbærnikröfur, tækniþróun og breytingar í alþjóðlegum virðisbæðjum geta haft áhrif á rekstrarskilyrði fyrirtækja, samkeppnisstöðu, hæfnikröfur og fjölda starfa með ólíkum hætti eftir greinum og svæðum.

Í ferðaþjónustu geta áhrifin birst bæði í breyttum aðstæðum og breytttri eftirspurn. Greinin byggir að stórum hluta á náttúru Íslands sem aðráttarafl, millilandaflugi og alþjóðlegri kaupgetu ferðamanna. Breytingar á veðurfari, jöklum og vistkerfum og náttúruvá geta haft áhrif á aðráttarafl landsins sem áfangastaðar, á sama tíma og kostnaður við flug, kolefniskröfur og breytt viðhorf ferðamanna til sjálfbærni geta haft áhrif á eftirspurn. Þar sem ferðaþjónusta skapar fjölda starfa víða um land geta breytingar í greininni haft veruleg áhrif á byggðapróun, atvinnuöryggi og þjónustu í einstökum byggðarlögum. Í sjávarútvegi geta breytingar á vistkerfum hafsins, orkuskipti í flotanum og auknar kröfur um sjálfbærni haft áhrif á rekstur, störf og byggðafestu.

Í orkufrekum iðnaði skipta aðgangur að endurnýjanlegri orku, orkuverð, orkuöryggi,

kolefniskröfur og fjárfesting í nýrri tækni miklu. Ísland hefur ákveðið samkeppnisforskot vegna lágs kolefnisspors raforkukerfisins, en auknar kröfur um kolefnisspor framleiðslu og sjálfbærni í virðiskeðjum geta kallað á verulegar breytingar í framleiðsluferlum. Þar geta falist tækifæri til hreinni iðnaðarframleiðslu og nýrrar grænnar atvinnuuppbyggingar, en jafnframt áhætta fyrir störf og byggðir ef fjárfestingar, tækniþróun og stefnumótun fylgja ekki eftir alþjóðlegum breytingum.

Hugverkaiðnaður og önnur þekkingardrifin starfsemi hafa á sama tíma orðið mikilvægari hluti íslensks atvinnulífs. Greinar sem byggja á hugbúnaði, rannsóknum, líftækni, heilbrigðistækni, máltækni og stafrænum lausnum geta aukið fjölbreytni útflutnings og dregið úr háðri stöðu hagkerfisins gagnvart fáum auðlindatengdum greinum. Þær skapa almennt sérhæfð og oft vel launuð störf, en kalla jafnframt á menntun, starfsþróun og aðgengi að stafrænni færni. Í þjónustu-, skrifstofu-, fjármála-, stjórnsýslu- og sérfræðistörfum mun gervigreind hafa vaxandi áhrif á verkefni, skipulag vinnu og færniþörf.

Í mörgum landshlutum er atvinnulíf háð fáum atvinnugreinum eða jafnvel einstökum stórum vinnustöðum. Breytingar í rekstri, tækni, orkunotkun eða eftirspurn geta því haft víðtæk áhrif á atvinnu, þjónustu og samfélagslega innviði. Á sama tíma geta stafræn tækni, fjarvinna, öflug fjarskipti og nýjar þekkingargreinar aukið möguleika á fjölbreyttari atvinnuuppbyggingu utan stærstu þéttbýliskjarna. Til þess þarf þó að tryggja aðgengi að nauðsynlegum innviðum, menntun, húsnæði, samgöngum og opinberri þjónustu.

Samgöngur og stafrænir innviðir hafa sérstaka þýðingu í þessu samhengi. Orkuskipti í samgöngum hafa áhrif á losun, rekstrarkostnað fyrirtækja, flutninga, aðgengi fólks að vinnu og stöðu byggða. Ef kostnaður eða aðgengi að nýjum lausnum dreifist ekki jafnt getur það haft áhrif á lífskjör og atvinnuþátttöku ólíkra hópa. Öflugir stafrænir innviðir eru jafnframt forsenda þess að fólk og fyrirtæki geti nýtt sér stafræna þjónustu, fjarvinnu, menntun og ný tækifæri í þekkingardrífnu atvinnulífi. Ójafnt aðgengi að slíkum innviðum getur aukið svæðisbundinn og félagslegan ójöfnuð.

Áhrif tvíþættra umskipta verða einnig ólík eftir stöðu fólks á vinnumarkaði. Kynskiptur vinnumarkaður hefur áhrif á það hvernig breytingarnar koma fram. Konur eru fjölmennar í skrifstofu-, þjónustu-, umönnunar- og stoðstörfum þar sem gervigreind getur breytt verkefnum og skipulagi vinnu, en karlar eru fjölmennari í greinum sem tengjast orkuskiptum, mannvirkjagerð, samgöngum og grænni iðnaðaruppbyggingu. Innflytjendur starfa margir í greinum þar sem störf eru árstíðabundin, láglaunuð eða háð breytingum í ferðaþjónustu, sjávarútvegi, byggingariðnaði, fiskeldi og þjónustu. Ungt fólk getur orðið fyrir áhrifum ef byrjendastörf og einfaldari verkefni breytast eða færast til, á meðan eldra starfsfólk getur þurft aukinn stuðning til að mæta nýjum kröfum um stafræna færni og símenntun.

Þessar aðstæður kalla á að áhrif umbreytinganna séu metin út frá stöðu ólíkra hópa og raunverulegum möguleikum þeirra til að aðlagast breytingum. Aðgengi að sí- og endurmenntun, starfsþróun, raunfærnimati, íslenskukennslu og upplýsingum um réttindi skiptir þar miklu máli. Ef slík úrræði ná ekki til þeirra hópa sem þurfa á þeim að halda getur ávinningur umbreytinganna orðið ójafn og hætta aukist á að ójöfnuður festist í sessi.

Í því samhengi er þríhliða samstarf stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar lykilatriði. Umbreytingar á atvinnulífi og vinnumarkaði verða ekki réttlátar nema launafólk og samtök þess hafi aðkomu að ákvörðunum um atvinnuuppbyggingu, tækniinnleiðingu, færniþörf, vinnuskilyrði og félagslegt öryggi.

Reynslan frá öðrum löndum sýnir að virkt samráð og skýr ábyrgð stjórnvalda geta stutt við félagslega sátt og dregið úr hættu á að kostnaður umbreytinga leggist ójafnt á samfélagið. Á Spáni hefur verið mótuð sérstök stefna um réttlát umskipti, sett á fót stofnun sem samræmir framkvæmd hennar og gerðir svæðisbundnir samningar um réttlát umskipti með þátttöku stjórnvalda, sveitarfélaga, stéttarfélaga og atvinnulífs. Þar er meðal annars lögð áhersla á atvinnuöryggi, endurmenntun og nýja atvinnuuppbyggingu á svæðum sem verða fyrir áhrifum afkolunar og orkuskipta. Á Norðurlöndum hefur áherslan fremur legið á færniþróun, sí- og endurmenntun og virkt samstarf aðila vinnumarkaðarins. Í Noregi hefur sérstök nefnd um framtíðarhæfnipörf starfað með þátttöku stjórnvalda, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Í Svíþjóð var gerður víðtækur þríhliða samningur um færniþróun og starfsöryggi til að styrkja stöðu launafólks í ljósi breytinga á vinnumarkaði. Danmörk hefur jafnframt komið á fót sjóði sem styður við atvinnuuppbyggingu, nýsköpun og sí- og endurmenntun í tengslum við loftslagsmarkmið og atvinnuvernd.

Þessi dæmi sýna að réttlát umskipti krefjast samþættrar stefnumótunar þar sem atvinnu-, mennta-, loftslags-, byggða- og velferðarmál eru skoðuð í samhengi. Hér á landi þarf slík nálgun að taka mið af sérstöðu íslensks vinnumarkaðar, mikilli þekju kjarasamninga, dreifðri byggð, fábreyttu atvinnulífi á sumum svæðum og hraðri innleiðingu nýrrar tækni.

Íslenskt samfélag hefur tækifæri til að nýta styrkleika sína í tvíþættum umskiptum, en til þess þarf skýra stefnu um hvernig ávinningur breytinganna skilar sér í góðum störfum, auknum réttindum og bættum lífshæðum. Markmiðið þarf að vera að styrkja fjölbreytni atvinnulífs, auka viðnámsþrótt byggða og tryggja að græn og stafræn verðmætasköpun byggist á öruggum, réttindavernduðum og mannsæmandi störfum.

Lokaorð

Íslenskur vinnumarkaður stendur frammi fyrir því að ákvarða hvernig þessi þróun verður mótuð. Í heild sinni er ljóst að um kerfisbreytingu er að ræða sem snertir alla þætti samfélagsins. Slíkri stefnumótun þarf að ná fram í virku þríhliða samstarfi launafólks, atvinnurekenda og ríkis.

Án skýrrar stefnumótunar og aðkomu launafólks mun þessi þróun leiða til aukins óöryggis, aukins ójöfnuðar og veikingar velferðarkerfisins. Með markvissri stefnu er hins vegar unnt að tryggja að tæknin verði nýtt til að bæta störf, styrkja réttindi og auka velferð.

Góð störf verða ekki til af sjálfu sér. Þau verða til með því að tryggja að tæknin þjóni launafólki og samfélaginu í heild, að réttindi séu skýr og að ávinningur breytinganna dreifist með sanngjörnum hætti.

Viðauki 1

Skilgreining á réttlátum umskiptum

Réttlát tvíþætt umskipti byggja á þeirri grundvallarsýn að framfarir verði ekki einungis metnar út frá hagvexti eða framleiðniaukningu heldur einnig út frá áhrifum þeirra á fólk, störf, samfélög og byggðir. Umbreyting atvinnulífsins þarf því að stuðla að góðum og mannsæmandi störfum, sterkum vinnuréttindum, félagslegu öryggi og raunverulegum tækifærum fólks til menntunar, starfsþróunar og þátttöku í breyttu atvinnuumhverfi.

Í þessari nálgun felst að kostnaði og ávinningi breytinganna sé skipt með sanngjörnum hætti. Launafólk og þau samfélög sem verða fyrir áhrifum umbreytinganna eiga ekki að bera byrðarnar ein og sér. Forsenda farsælla umskipta er virk stefnumótun stjórnvalda, öflugt þríhliða samstarf á vinnumarkaði og raunveruleg aðkoma stéttarféлага og launafólks að mótun breytinganna.

Réttlát tvíþætt umskipti fela jafnframt í sér að ný tækni og gervigreind séu nýtt með ábyrgum hætti og innan skýrs regluverks sem ver réttindi, friðhelgi og stöðu launafólks. Á sama hátt verður græn umbreyting atvinnulífsins að byggjast á félagslegri ábyrgð þar sem ný störf eru örugg, byggja á góðum starfsaðstæðum og tryggja full réttindi launafólks.

Alþjóðavinnuárástofnunin (ILO) hefur ítrekað lagt áherslu á að réttlát umskipti verði ekki tryggð með markaðslausnum einum saman heldur krefjist virks hlutverks stjórnvalda, sterks félagslegs samtals og öflugra velferðar- og stuðningskerfa. Þar skiptir sérstaklega máli að tryggja að ný störf sem verða til séu góð störf, að launafólk hafi aðgang að sí- og endurmenntun og að umbreytingarnar leiði ekki til aukins ójafnaðar eða félagslegs óöryggis.

Réttlát tvíþætt umskipti snúast því ekki eingöngu um að draga úr losun eða innleiða nýja tækni heldur um það hvernig samfélagið velur að skipuleggja framtíð vinnunnar, verðmætasköpunar og lífskjara á forsendum jöfnuðar, samstöðu og félagslegs réttlætis.

ILO guidelines

Alþjóðavinnuárástofnunin (ILO) hefur gefið út leiðarvísi fyrir stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins um hvernig stuðla megi að réttlátum umskiptum. Þar er lögð áhersla á að umbreyting yfir í sjálfbær hagkerfi verði að byggja á samþættri stefnumótun þar sem atvinnuárást, félagsleg vernd, menntun, vinnumarkaðsmál og loftslagsmarkmið vinna saman. Leiðarvísirinn byggir á þeirri meginforsendu að réttlát umskipti verði ekki tryggð með markaðslausnum einum saman heldur krefjist virks hlutverks stjórnvalda, félagslegs samráðs og þátttöku aðila vinnumarkaðarins.

Áhrif loftslags- og tæknibreytinga eru því ólík milli landa, atvinnugreina, svæða og hópa og sama á við um þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að grípa til. Alþjóðavinnuárástofnunin (ILO) leggur sérstaka áherslu á að greina þurfi mismunandi áhrif loftslags- og tæknibreytingar þar sem umbreytingarnar ráðist ekki eingöngu af loftslagsmarkmiðum eða tækni framförum heldur einnig af:

- atvinnuskipulagi
- svæðisbundnum aðstæðum
- innviðum
- færni vinnuafis
- félagslegri samsetningu vinnumarkaðarins
- og getu stofnana og samfélagsins til að styðja við aðlögun

Alþjóðavinnuárástofnunin leggur sérstaka áherslu á að mismunandi svæði innan landa búi við ólíka viðkvæmni, mismunandi innviði og ólíka möguleika til atvinnuuppbyggingar vegna

grænna umbreytinga. Þetta á sérstaklega vel við í íslensku samhengi þar sem atvinnulíf, byggðamynstur og aðgengi að þjónustu eru mjög ólík milli landsvæða.

Reynsla annarra landa af stefnumörkun um réttlát umskipti

Spánn

Spánn hefur samþykkt víðtæka stefnu um réttlát umskipti og samþykkt lög þess efnis. Í lögnum er kveðið á um að á fimm ára fresti verði mótuð sérstök stefna um réttlát umskipti sem tryggir að áhrif orkuskipta og afkolunar hagkerfisins verði sanngjörn gagnvart fólki og svæðum sem mest verða fyrir breytingunum. Sérstakt átak er gert til að vernda réttindi starfsmanna í kolefnisfrekum atvinnugreinum, með áherslu á endurmenntun, atvinnuöryggi og stuðning við efnahagslega fjölbreytni á viðkvæmum svæðum eins og á landsbyggðinni. Þá eru gerðir réttlætissamningar (Convenios de Transición Justa) með þátttöku stjórnvalda, sveitarfélaga, stéttarfélaga og atvinnulífsins til að fjárfesta í nýjum atvinnugreinum, bæta innviði og skapa ný störf á svæðum sem lenda í samdrætti vegna lokunar kola- og orkuvera eða mengandi iðnaðar.

Spænsk stjórnvöld hafa einnig sett á laggirnar stofnun um réttlát umskipti (Just Transition Institute), sem hefur það hlutverk að samræma og framfylgja stefnu um réttlát umskipti. Stofnunin tryggir að félagsleg áhrif orkuskipta séu greind og aðgerðir séu lagaðar að þörfum hvernar atvinnugreinar og svæðis. Lögin leggja jafnframt áherslu á samfélagslega þátttöku og jafnrétti í allri stefnumótun, með sérstakri áherslu á að horfa til kynjasjónarmiða og félagslegrar aðlögunar. Þannig leitast Spánn við að byggja upp kolefnishlutlaust hagkerfi þar sem efnahagsleg og félagsleg þróun fara hönd í hönd við loftslagsmarkmið.

Danmörk

Í Danmörku hefur verið settur á fót sjóður sem ætlað er að draga úr neikvæðum félagslegum og efnahagslegum áhrifum umskiptanna yfir í kolefnishlutlaust hagkerfi. Sjóðurinn er að hluta til fjármagnaður með stuðningi Evrópusambandsins og að hluta með ríkisfé. Meðal þess sem sjóðurinn er ætlaður fyrir er m.a. ætlaður fyrir arðbærar fjárfestingar í litlum og meðalstórra fyrirtækja, stofnun nýrra fyrirtækja og sí- og endurmenntun starfsmanna með það að markmiði að styðja við samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og atvinnuvernd.

Á síðustu árum hafa fjölmörg Evrópuríki þróað ólíkar leiðir til að bregðast við áhrifum loftslags- og tæknibreytinga á vinnumarkað og samfélag. Þrátt fyrir mismunandi nálganir eiga þessar stefnur það sameiginlegt að byggja á virku hlutverki stjórnvalda, félagslegu samtali og þátttöku aðila vinnumarkaðarins við að móta umbreytingarnar. Áhersla er víða lögð á að tengja loftslagsmarkmið, tæknibreytingar, atvinnuöryggi, færniþróun og byggðaðróun saman undir hatti réttláttra umskipta.

Skotland hefur verið meðal leiðandi ríkja á þessu sviði og varð eitt fyrsta ríkið til að lögfesta skyldu stjórnvalda til að taka tillit til réttláttra umskipta við mótun loftslagsstefnu. Þar starfar sérstakt ráð um réttlát umskipti með þátttöku sérfræðinga úr fræðasamfélagi, atvinnulífi, félagsamtökum og verkalyðshreyfingu. Á Spáni hefur verið mótuð víðtæk stefna um réttlát umskipti þar sem sérstök áhersla er lögð á atvinnuöryggi, endurmenntun og uppbyggingu nýrra starfa á svæðum sem verða fyrir áhrifum orkuskipta og afkolunar hagkerfisins. Þar hafa stjórnvöld jafnframt komið á fót sérstakri stofnun um réttlát umskipti sem samræmir stefnu og greinir félagsleg áhrif breytinganna.

Á Norðurlöndum hefur áherslan fremur verið á færniþróun, sí- og endurmenntun og virkt þríhliða samstarf. Í Noregi hefur sérstök nefnd um framtíðarhæfniþörf verið starfandi frá árinu 2017 með þátttöku stjórnvalda, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Í Svíþjóð var árið

2022 gerður umfangsmikill þríhliða samningur milli stjórnvalda, stéttarfélaganna og atvinnurekenda um færniþróun og starfsöryggi til að styrkja stöðu launafólks í ljósi hraðra breytinga á vinnumarkaði. Danmörk hefur jafnframt komið á fót sérstökum sjóði sem styður við atvinnuuppbyggingu, nýsköpun og sí- og endurmenntun í tengslum við loftslagsmarkmið og atvinnuvernd.

Samhliða loftslagsmálum hefur umræða um gervigreind og áhrif hennar á vinnumarkað þróast hratt í Evrópu. Evrópusambandið hefur tekið forystu með innleiðingu fyrsta heildstæða lagaramma heims um gervigreind, *Artificial Intelligence Act (2024/1689)*, sem byggir á áhættumiðaðri nálgun þar sem strangari reglur gilda eftir því sem áhrif kerfa á réttindi, öryggi og lífsafkomu fólks eru meiri.

Ríki Evrópu hafa þó farið ólíkar leiðir í stefnumótun um gervigreind og vinnumarkað. Spánn og Ítalía hafa sett sértækari reglur með áherslu á gagnsæi reikniritanna, stöðu starfsfólks á stafrænum vinnuvettvöngum og mannmíðaða notkun tækninnar. Norðurlöndin hafa hins vegar frekar byggt á samspili vinnuréttar, persónuverndar, kjarasamninga og félagslegs samtals í anda norræna vinnumarkaðslíkansins.

Þrátt fyrir ólíkar leiðir sýna dæmin að áhrif loftslags- og tæknibreytinga kalla víða á samþætta stefnumótun þar sem atvinnu-, mennta-, félags- og byggðamál eru skoðuð í samhengi. Sameiginlegur rauður þráður er áherslan á að styrkja stöðu launafólks, efla menntun og færni og tryggja að ávinningur umbreytinganna skili sér til samfélagsins alls. Hér á landi eru enn tiltölulega fá dæmi um að áhrif gervigreindar og tæknibreytinga hafi verið tekin sérstaklega fyrir í kjarasamningum eða stefnumótun vinnumarkaðarins.